

186. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 30. ágúst 2017 kl. 09:30.

Mætt: Valgerðar Sævarsdóttir formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Óttar Bragi Þráinsson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. Fundur fjallskilanefndar Biskupstungna, dags. 15. ágúst 2017 ásamt fjallskilaseðli. Samþykkt samhljóða.
- 1.2. 4. fundur fjallskilanefndar Laugardals, dags. 21. ágúst 2017 ásamt fjallskilaseðli. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 26. fundur stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.
- 2.2. 27. fundur stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.
- 2.3. Fundur í samstarfsnefnd um vöktun í Þingvallavatni, dags. 27. júní 2017.
- 2.4. 180. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

3. Styrkveitingar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða; Geysir.

Bláskógabyggð hefur verið veittir tveir styrkir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, þ.e. 13-034 vegna skipulagsvinnu að upphæð kr. 20 milljónir og 14-101 kr. 15. milljónir vegna framkvæmda á Geysissvæðinu. Greitt hefur verið til sveitarfélagsins kr. 13 milljónir vegna 13-034 og kr. 6 milljónir vegna 14-101.

Ljóst er að Bláskógabyggð mun ekki koma að framkvæmdum inn á Geysissvæðinu þar sem ríkið er komið með landið í sína forsjá.

Byggðaráð Bláskógabyggðar óskar því hér með eftir því að skuldajafnað verði milli verkefnanna þannig að Ferðamálastofa heimili eina greiðslu upp á kr. 1 milljón, þannig að styrkur 13-034 verði að fullu greiddur, eða kr. 20 milljónir. Verði þá litið þannig á að því verkefni sé lokið. Ef fallist verði á þá málsmeðferð mun Bláskógabyggð óska eftir að styrkur 14-101 verði felldur niður þar sem það er ekki hafið og ríkið og Umhverfisstofnun fara nú alfarið með umsjón þessa verkefnis.

4. Ljósleiðaraverkefni.

Lagt fram minnisblað Snerru ehf til sveitarstjóra og oddvita, dags. 19. ágúst 2017. Minnisblaðið rekur feril verkefnisins Ísland ljóstengt í Uppsveitum Árnessýslu. Ljóst er að eftir síðustu styrkúthlutun hefur landslagið töluvert breyst er varðar stöðu einstakra sveitarfélaga til verkefnisins. Minnisblaðið varpar ljósi á þessar breyttu aðstæður og bendir á þá þætti málsins sem þarf að athuga sérstaklega vegna framgangs verkefnisins í Bláskógabyggð. Málinu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar þar sem ákveðin verða næstu skref verkefnisins.

5. Samningur um íþróttamannvirki á Laugarvatni.

Lögð fram drög að samningi milli ríkisins og Bláskógabyggðar dags. 31. ágúst 2017 sem lýtur að afsali íþróttamannvirkja ríkisins á Laugarvatni til sveitarfélagsins ásamt makaskiptum á landi m.m. ásamt fylgiskjölum.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir fyrir sitt leyti framlögð drög að samningi og felur Helga Kjartanssyni að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samningurinn hefur verið kynntur öllum aðalmönnum í sveitarstjórn Bláskógabyggðar og er samþykktur samhljóða.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Erindi Félags sauðfjárbænda í Árnessýslu, mótt. 28. ágúst 2017.
Lagt fram bréf Félags sauðfjárbænda í Árnessýslu þar sem óskað var eftir afstöðu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar til ályktunar félagsins sem birtist í umræddu bréfi. Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur undir áhyggjur Félags sauðfjárbænda þegar fyrir liggur að boðuð er lækkun afurðarverðs annað árið í röð. Sú lækkun á afurðaverði sem nú hefur verið boðuð mun setja greinina í afar erfiða og óásættanlega stöðu. Nauðsynlegt er að líta á þessa kjötframleiðslu, vinnslu og markaðsmál heildstætt og finna leið til lausnar þannig að allir fái eðlilegan afrakstur af sinni starfsemi. Með því að höggva mest í frumframleiðsluna er verið að eyðileggja grunninn að þessari framleiðslugrein og öllum mun blæða. Byggðaráð Bláskógabyggðar hvetur ríkisvaldið, ráðuneyti atvinnumála og Bændasamtökin til að vinna markvisst og skipulega að lausn málsins og gæta í hvívetna hagsmuna frumframleiðandans, sauðfjárbóndans. Án hans verður ekki kjötvinnsla, sala né neysla þessarar frábæru afurðar sem íslenska lambakjötið er. Þessi búgrein hefur ávallt staðið höllum fæti og það fer ekki vel að höggva í þann sem veikastur er fyrir. Það hefur aldrei verið mannsbragur né sómi af, að sparka í liggjandi mann og það á ekki að líða.
- 6.2. Erindi Fannborgar, dags. ágúst 2017; girðingarhreinsun og flutningur á rusli.
Fram hefur komið beiðni frá Fannborg og Hrunamannahrepp um leyfi til að koma tækjum frá Kjalvegi austur yfir Jökulfall til að nálgast og fjarlægja hauga af gömlu girðingarefni og koma til urðunar. Þessi beiðni hefur verið tekin fyrir hjá fjallskilanevnd Biskupstungna.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir að farið verði frá námu við Árbúðir austur að Jökulfalli. Krafa er gerð að allur frágangur eftir verkefnið verði vandaður og engin ummerki verði á Biskupstungnaafretti, svo ekki myndist brautir á melum eftir á. Hafa skal samráð við Guðrúnu S. Magnúsdóttur og Loft Jónasson um val á leið og vaði. Einnig skulu þau taka út frágang eftir að verkefninu lýkur.
- 6.3. Umsögn skipulagsfulltrúa um erindi Fannborgar, dags. 2. maí 2017, sem tekið var fyrir á 198. fundi sveitarstjórnar.
Vísað er til erindis Fannborgar ehf sem tekið var fyrir á 198. fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, dagskrárliður 9.1. Þar var afgreiðslu erindisins frestað þar til umsögn skipulagsfulltrúa liggur fyrir.
Nú hefur umsögn skipulagsfulltrúa borist, dags. 24. ágúst s.l. og er óskað eftir viðbrögðum sveitarstjórnar varðandi umsögnina. Málinu vísað til sveitarstjórnar.
- 6.4. Erindi Steinunnar Hrafnisdóttur og Haraldar A. Haraldssonar, dags. 26. ágúst 2017; styrkbeiðni vegna tónlistarnáms barns á grunnskólaaldri.
Lagt fram tölvuskeyti Steinunnar og Haraldar þar sem óskað er eftir að Bláskógabyggð greiði fyrir tónlistarnám Ingibjargar Maríu Haraldsdóttur, kt. 211207-3020. Ingibjörg gengur í Flataskóla og hefur fengið inngöngu í Tónlistarskóla Garðabæjar.
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra Bláskógabyggðar að ganga frá samkomulagi við Tónlistarskóla Garðabæjar og greiðslur til skólans verði sambærilegar og greitt er til Tónsmiðju Suðurlands vegna tónlistarnáms barna.

6.5. Bréf SASS, dags. 23. ágúst 2017; Ársþing SASS 2017.
Lagt fram bréf SASS þar sem kynnt er að Ársþing SASS 2017 verður haldið á Selfossi dagana 19. og 20. október 2017. Nú er íbúafjöldi í Bláskógabyggð kominn í 1.026 þann 1. janúar 2017, þannig að Bláskógabyggð á 4 fulltrúa skv. samþykktum samtakanna. Kjósa þarf því einn fulltrúa til viðbótar á aðalfund SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Kosningu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

6.6. Erindi MS-félagsins, dags. 17. ágúst 2017; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti MS-félagsins þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við rekstur félagsins. Erindinu hafnað.

6.7. Erindi Hjálparstarfs kirkjunnar, dags. 18. ágúst 2017; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem óskað er eftir fjárstyrk í formi auglýsingar í ritinu Margt smátt. Erindinu hafnað.

7. Efni til kynningar:

- 7.1. Bréf forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni, dags. 1. ágúst 2017; þakkarbréf.
- 7.2. Tölvuskeyti sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpvererjahrepps, dags. 27. ágúst 2017; bókun um hjúkrunarrými.
- 7.3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. ágúst 2017; kostnaðarþátttaka vegna kjaramálavinnu sambandsins.
- 7.4. Tilkynning um landsfund um jafnréttismál í sveitarfélögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40.

Valgerður Sævarsdóttir

Helgi Kjartansson

Óttar Bragi Þráinsson

Valtýr Valtýsson